

22. ágúst 2016

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á öðrum ársfjórðungi 2016:

Hagræðingaraðgerðir teknar að skila árangri

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir annan ársfjórðung 2016 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 22. ágúst 2016.

- Tekjuaukning 2% m.v. annan ársfjórðung 2015
- Framlegð 1.605 m.kr. og stendur nánast í stað miðað við sama tímabil 2015
- EBITDA hagnaður nam 751 m. kr., lækkun um 3% milli ára
- EBITDA á Íslandi er hærri en á sama fjórðungi í fyrra en lægri í Færeyjum
- EBITDA hlutfall 21,7% og EBIT hlutfall 11,7% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 248 m.kr., sem er 17% lækkun frá öðrum ársfjórðungi 2015
- Eiginfjárlutfall nam 45,3%

Lykiltöluyfirlit:

	2F 2016	2F 2015	Breyt.	% breyt.	6M 2016	6M 2015	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.467	3.408	59	2%	6.762	6.660	102	2%
Kostnaðarverð	1.862	1.806	56	3%	3.616	3.547	69	2%
Framlegð	1.605	1.602	3	0%	3.146	3.113	33	1%
Rekstrarkostnaður	1.201	1.148	53	5%	2.418	2.264	154	7%
EBITDA	751	776	-25	-3%	1.420	1.495	-75	-5%
EBIT	404	454	-50	-11%	728	849	-121	-14%
Hrein fjármagnsgjöld	95	84	11	13%	173	181	-8	-4%
Hagnaður tímabilsins	248	300	-52	-17%	445	537	-92	-17%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>46,3%</i>	<i>47,0%</i>			<i>46,5%</i>	<i>46,7%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>21,7%</i>	<i>22,8%</i>			<i>21,0%</i>	<i>22,5%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>11,7%</i>	<i>13,3%</i>			<i>10,8%</i>	<i>12,7%</i>		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur Fjaraskipta var í takt við væntingar á öðrum ársfjórðungi. Fyrri hluta ársins einkenndist hann af aukningu launakostnaðar í tengslum við kjarasamninga á sama tíma og verðsamkeppni á farsímamarkaði hafði áhrif á tekjur bæði á Íslandi og í Færeyjum. Ef uppgjör annars fjórðungs er borið saman við þann fyrsta má glögg sjá að hagræðingaraðgerðir sem hófust á fyrsta ársfjórðungi eru farnar að skila árangri, eru á áætlun og munu halda áfram að skila sér á seinni hluta ársins, sérstaklega þegar tekið er tillit til einskiptiskostnaðar við forstjóra í Færeyjum á nýliðnum fjórðungi. Markmið áætlana er að seinni hluta árs hafi félagið varið reksturinn fyrir þeim kjarasamningshækkunum umfram verðbólgu sem komu fram af þunga í uppgjöri fyrsta fjórðungs.

Sé einungis horft til Íslands er EBITDA á öðrum ársfjórðungi hærra en á sama tíma fyrir ári en áfram lægri í Færeyjum. Unnið er að styrkingu starfseminnar í Færeyjum en á ársfjórðungnum var Rúnar Reistrup, Færeyingur með mikla alþjóðlega fjaraskipta og viðskiptaþróunarreynslu, ráðinn nýr framkvæmdastjóri Vodafone Færeyja. Við bindum miklar vonir við að hann muni snúa vörn í sókn í starfsemi Vodafone í Færeyjum í samvinnu við okkur árið 2017.

Ýmsir jákvæðir hlutir eru í uppbyggingu hjá félaginu sem fyrr, ekki síst í samstarfi við Vodafone Group. Sem dæmi var nýverið greint frá því að við getum nú boðið íslenskum fyrirtækjum alþjóðlega fjaraskiptaþjónustu í samvinnu við Vodafone Group. Vodafone á Íslandi varð þar fyrsta sjálfstæða fyrirtækið undir merkjum fjaraskiptarisans til að bjóða þessa lausn á alþjóðavísu. Vodafone ONE hefur einnig hlotið mjög góðan hljómgrunn meðal viðskiptavina á einstaklingsmarkaði, þar sem félagið bætti við sig viðskiptavinum þrátt fyrir harða samkeppni á fyrri hluta ársins. Við erum stolt af því að vera stöðugt að bæta þjónustu til viðskiptavina, bæði með tilliti til verðs og gæða tenginga, jafnt héraendis og erlendis. Þessi bættu þjónusta og gæði fyrirtækisins hafa leitt til aukinnar notkunar á gagnamagni bæði í farsíma og interneti. Til dæmis bentum við nýverið á þá skemmtilegu staðreynd að um 600% meðalaukning var á notkun gagnamagns meðal viðskiptavina okkar sem heimsóttu Frakkland í júní á milli ára.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2012



Rekstrarafkoma á 2. ársfjórðungi 2016:

Tekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi 2016 námu 3.467 m.kr. og hækkuðu um 59 m.kr. eða 2% frá sama tímabili 2015. Tekjur af interneti námu 904 m.kr. og jukust um 7% á fjórðungnum á milli ára. Tekjur af sjónvarpi jukust einnig á öðrum ársfjórðungi, um 60 m.kr. og námu 478 m.kr. á tímabilinu, sem er 14% aukning á milli ára. Aðrar tekjur námu 202 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 36% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.176 m.kr. og lækkuðu um 4% í samanburði við sama tímabil í fyrra. Farsímatekjur félagsins á Íslandi héldu áfram að aukast á ársfjórðungnum, um 0,5%, en í Færeyjum drógust tekjur hins vegar saman um 19% í samanburði við sama tímabil í fyrra. Vörusala á öðrum ársfjórðungi nam 381 m.kr. sem er 33 m.kr. lægra en á sama tímabili 2015.

Framlegð á öðrum ársfjórðungi nam 1.605 m.kr., sem er lækkun um 3 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2015. Rekstrarkostnaður nam 1.201 m.kr. á ársfjórðungnum og jókst um 53 m.kr. eða 5% á milli ára en benda má á að einskiptiskostnaður vegna forstjóraskipta í Færeyjum er inni í þeirri tölu. Borið saman við fyrsta fjórðung má því glöggst sjá að áhrifa hagræðingaraðgerða er farið að gæta og eru á áætlun, í samræmi við það sem kynnt var á fyrsta fjórðungi. Félagið hefur nú flutt alla starfsemi sína úr Skútuvogi. Samningar hafa náðst við leigusala hússins um leigulok sem fela í sér að félagið verður ekki fyrir aukningu kostnaðar vegna leiguloka á árinu.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 751 m.kr. sem er lækkun um 25 m.kr. frá sama fjórðungi 2015. EBITDA hlutfall tímabilsins var 21,7%. Á Íslandi hækkar EBITDA á milli ára um 17 m.kr. en í Færeyjum lækkar hún á milli ára um 42 m.kr. um helmingur þeirrar upphæðar kemur til vegna forstjóraskipta.

Hrein fjármagnsgjöld jukust á öðrum ársfjórðungi og námu 95 m.kr. sem er lækkun um 13% á milli ára. Aukningin er öðru fremur vegna aukinna fjármagnsgjalda og lægri fjármagnstekna vegna breytingar efnahagsreiknings í tengslum við hlutfjárllækkun fyrr á árinu.


Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 248 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2016 sem er 52 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2015. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 61 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam 248 m.kr.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2016

Handbært fé frá rekstri á öðrum fjórðungi ársins 2016 nam 656 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 291 m.kr. á tímabilinu sem er lækkun um 16% miðað við sama tímabil 2015.

Fjármögnunarhreyfingar félagsins námu 711 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2016, sem er 119 m.kr. meira en á sama tímabili 2015. Þessa aukningu er einkum að rekja til hærri skuldsetningar í tengslum við hlutfjárllækkun félagsins með útgreiðslu til hluthafa að fjárhæð 2,5 ma.kr. sem samþykkt var á aðalfundi þess þann 17. mars síðastliðinn. Framkvæmd lækkunar miðaðist við 20. apríl 2016 og greiðsla til hluthafa var framkvæmd þann 29. apríl 2016. Kaup félagsins á eigin bréfum í samræmi við nýja endurkaupaáætlun (sbr. tilkynningu dags. 1. júní. 2016) hófust í júní og námu 57 m.kr. á ársfjórðungnum. Auk þess

Mynd 2: Sjóðstreymi á 2F 2016
Breytingar á tímabilinu





námu greiðslur af langtímalánum 240 m.kr. á tímabilinu. Sjá nánar um endurkaupaáætlunina á bls. 4. Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 213 m.kr.

Efnahagur 30. júní 2016:

Efnahagur Fjarskipta hf. var áfram sterkur í lok annars fjórðungs ársins 2016. Eigið fé í lok tímabilsins var 6.844 m.kr. Eiginfjárlutfall var 45,3%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 8.268 m.kr.. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.903 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,9. Veltufjárlutfall var jafnframt 1,4.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrirfélagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30 - 60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Ennfremur var samþykkt að lækka hlutafé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð 2.500 m.kr. Lækkun nafnverðs nemur 545 m.kr. og lækkun yfirverðs nemur 1.955 m.kr. Framkvæmd lækkunar miðaðist við 20. apríl 2016 og greiðsla til hluthafa var framkvæmd þann 29. apríl 2016.
- Framkvæmdastjóri Vodafone í Færeyjum, Gudny Langgaard, lét af störfum í maí-mánuði (sbr. tilkynningu dags. 10. maí 2016). Tilkynnt var um nýjan framkvæmdastjóra Vodafone Færeyja, Rúnar Reistrup, í júní (sbr. tilkynningu dags. 22. júní 2016) og tekur hann við störfum á haustmánuðum. Rúnar býr að mikilli reynslu af störfum hjá alþjóðlegum upplýsingatækni- og fjarskiptafyrirtækjum, m.a. Vodafone Group. Hann hefur auk þess átt sæti í stjórn P/F Kall frá 2013 og verið þar stjórnarformaður frá 2016. Í millitíðinni gegnir Bárður Nielsen, fjármálastjóri félagsins, stöðu staðgengils framkvæmdastjóra.
- Á öðrum ársfjórðungi hóf félagið að bjóða alþjóðlega fyrirtækjalausn Vodafone Group, sem Vodafone International Enterprise Partner. Um er að ræða nýja alþjóðlega þjónustulausn sem gerir viðskiptavinum í alþjóðlegri starfsemi, kleift að sameina fjarskiptaviðskipti sín hjá einum aðila og njóta þannig bæði enn betri þjónustu og hagkvæmni í innkaupum. Jafnframt var unnið að fjölgun háskerpustöðva og breyttri áherslu í stöðvauppröðun auk þess sem erlendum sjónvarpsstöðvum var jafnframt fjölgað.
- Úrslit í Stökkpallinum, nýrri viðskiptaþróunarkeppni Vodafone, voru kynnt á Startup Iceland ráðstefnunni sem fór fram á öðrum ársfjórðungi. Hlutskörpust urðu teymin Vizido og CrankWheel, auk þess sem tvö teymi til, Flow Meditation og KeyWe, voru valin til að taka þátt í vinnusmiðjum með Vodafone. Vodafone mun í kjölfarið styðja þessa frumkvöðla í að þróa vörur sínar og koma þeim á framfæri.
- Stjórn samþykkti nýja endurkaupaáætlun þann 31. maí 2016 og hófst framkvæmd hennar 1. júní. Þann 22. ágúst hefur félagið fest kaup á 4.197.653 eigin hlutum samkvæmt áætluninni og á að viðskiptunum loknum 2,34% af útgefnum hlutum í félaginu. Endurkaupin munu að hámarki nema 6.734.000 hlutum eða 2,5% af útgefnum hlutum í Fjarskiptum hf., en þó þannig að heildarkaupverð verði ekki hærra en 300 millj.kr. Áætlunin er í gildi til 30. september 2016 eða skemur ef skilyrði um hámarkskaup eru uppfyllt fyrir þá dagsetningu.
- Dagana 26. apríl 2016 og 25. maí 2016 (sbr. kauphallartilkynningar með sömu dagsetningum) kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóma í sex málum einstaklinga sem töldu sig hafa orðið fyrir tjóni vegna innbrotspjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013 og í kjölfarið dreifingu þjófsins og annarra á hinum stolnu gögnum. Samanlögð stefnuþjárhæð nam um 121,5 millj.kr.,



auk vaxta og málskostnaðar. Niðurstaða héraðsdóms var sú að Fjarskipti hf. var sýknað af kröfum tveggja stefnenda en var dæmt skylt til að greiða fjórum þeirra skaðabætur, samtals að fjárhæð um 4,6 millj. kr. auk vaxta og málskostnaðar.

- Staða annarra dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 10 um ágreiningsmál í árshlutareikningi.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2016

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2016 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2016 verði á bilinu 3,2 til 3,4 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5% til 11,2%.

Kynningarfundur 23. ágúst 2016:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjörnsins verður haldinn þriðjudaginn 23. ágúst 2016. Athygli er vakin á breyttum fundarstað en fundurinn fer fram á Hótel Íslandi, Ármúla 9 (gengið inn að austanverðu), 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2016:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 3F 2016: | 26. október 2016 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2016 | 15. febrúar 2017 |

Aðalfundur Fjarskipta hf. 2017 verður haldinn fimmtudaginn 16. mars 2017.

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.